

# STEFNUMÓTUN SKÁTASTARFS Á ÍSLANDI

## Meginmarkmið

Meginmarkmið skátahreyfingarinnar er að veita ungu fólki tækifæri til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu með því að stuðla að uppeldi og menntun með lífsgildum sem byggja á skátaheitinu og skátalögunum. Leitast er við að skapa betri heim þar sem hver einstaklingur hefur tilgang og gegnir mikilvægu hlutverki til uppbyggingar samfélagsins.

## FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2020 verður skátahreyfingin á Íslandi orðin þekkt af stjórnvöldum og almenningi í landinu sem ein fremsta uppeldishreyfing á Íslandi með yfir 5000 starfandi skátum í öllum helstu þéttbýliskjörnum landsins, sem deila sameiginlegum gildum og hafa áhrif til góðs í samfélagi sínu og í heiminum öllum.

## Markmið

Efling ungs fólks til virkrar þátttöku og áhrifa	Uppeldis- og menntunaraðferðir	Fjölmennning og aðild minnihlutahópa	Samfélagsleg áhrif	Samskipti og almannatengsl	Stjórnskipulag og stjórnýsla
Skátahreyfingin veitir ungu fólki tækifæri til að rækta hæfileika sína og þekkingu svo að það eflist og taki sjálfstæðan, virkan og ábyrgan þátt í skátastarfi sem og í samfélaginu öllu. Þátttaka, viðurkenning og samskipti milli kynslóða er til staðar þegar boðið er upp á skátastarf fyrir börn og ungmenni.	Starfsgrunnur skáta skapar aðstæður fyrir óformlegt menntakerfi þar sem Skátaaðferðinni er beitt við að efla getu ungs fólks til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Skátahreyfingin laðar að, þjálfar og heldur í fullorðna sjálfboðaliða að viðhalda kröftugu skátastarfi.	Skátastarf endurspeglar samfélagið á hverjum stað og stendur öllum til boða. Fjölbreytni á ekki aðeins við um félagsaðild heldur líka starfið sjálft.	Sérhver skáti tekur þátt í samfélagsþjónustu og deilir þeirri reynslu til hvatningar fyrir aðra. Með starfi sínu og verkefnum leggja skátar sitt af mörkum til samfélagsins og eru í fararbroddi við að stuðla að jákvæðum breytingum á samfélaginu, manngerðu og náttúrulegu umhverfi.	Ásýnd skátahreyfingarinnar gefur skýra mynd af því sem skátar gera og þeim gildum sem þeir standa fyrir. Áhrifaríkustu samskiptaleiðir eru nýttar til að miðla upplýsingum um skátastarf. Skátahreyfingin er í samstarfi við aðila sem starfa í samræmi við grunn gildi BÍS.	Stjórnskipun skátahreyfingarinnar er gagnsæ, ábyrg, skilvirk og í samræmi við grunn gildi BÍS með áherslu á að þjóna markmiðum og framtíðarsýn skátahreyfingarinnar. Gott samstarf er á milli skátafélaga, stjórnar BÍS og skátamiðstöðvarinnar. Þá er mannauður og fjármagn nýtt á skilvirkan hátt í þágu skátahreyfingarinnar.

Drög til umræðu – samantekt eftir vinnufund BB, ÓP, JÞG 14. janúar

Yfirfarið á fundi BB og JÞG 27. janúar

Yfirfarið á fundi BB, ÓP, JÞG 4. febrúar

## STEFNUMÓTUN BÍS 2015-2020

### ❖ Efling ungs fólks til virkrar þátttöku og áhrifa (Youth Engagement)

Skátahreyfingin veitir ungu fólki tækifæri til að rækta hæfileika sína og þekkingu svo að það eflist og taki sjálfstæðan, virkan og ábyrgan þátt í skátastarfi sem og í samfélaginu öllu. Þátttaka, viðurkenning og samskipti milli kynslóða er til staðar þegar boðið er upp á skátastarf fyrir börn og ungmenni

Fyrir 2020 höfum við:

- Með Skátaaðferðinni veitt vaxandi fjölda ungs fólks aukin tækifæri til virkrar þátttöku og áhrifa í skátastarfi og í því samfélagi sem það hrærist í.
- Endurskoðað og aðlagð leiðtogaþjálfun fullorðinna sjálfboðaliða til að tryggja eftir mætti sjálfstæði, virkni og ábyrgð ungs fólks – bæði í orði og á borði.
- Tryggt að leiðtogar í skátastarfi, skátaforingjar og aðrir, sjái mikilvægi samskipta milli kynslóða sem tæki til að auka þátt ungs fólks í leiðtogastörfum innan hreyfingarinnar.
- Tryggt framkvæmd í öllum skátafélögum landsins á starfsgrunni skáta og skátadagskrá í anda *World Youth Programme Policy (WOSM)* – í þeim tilgangi að efla virka þátttöku og áhrif ungs fólks.
- Veitt ungu fólki tækifæri til virkrar þátttöku og áhrifa við endurskoðun og enduruppbyggingu á starfsgrunni skáta og skátadagskrá.
- Nýtt betur tækni, þar á meðal samskiptatækni, til að virkja og efla ungt fólk í skátastarfi og í tengslum við annað sem hefur áhrif á líf þeirra.
- Sýnt fram á að ungt fólk, með hvatningu og stuðningi, geti og eigi að fá tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif, á grundvelli eigin þekkingar og færni, í skátastarfi og utan þess.
- Stuðlað að eflingu ungs fólks til mótunar samfélagsins.

## ❖ Uppeldis- og menntunaraðferðir (Educational Methods)

Starfsgrunnur skáta skapar aðstæður fyrir óformlegt menntakerfi þar sem Skátaaðferðinni er beitt við að efla getu ungs fólks til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Skátahreyfingin laðar að, þjálfar og heldur í fullorðna sjálfboðaliða til að viðhalda kröftugu skátastarfi.

Fyrir 2020 höfum við:

- Eflt starfsgrunn skáta sem grunn að óformlegu menntakerfi, sem byggir á samfélagslegum, siðferðilegum og aðferðafræðilegum grunnildum skátahreyfingarinnar og styrkir getu ungs fólks til að takast á við verkefni framtíðarinnar.
- Styrkt samhæfða nálgun á nýliðun, þjálfun, dagskrá, stuðningi og viðurkenningu á starfi barna og ungmenna innan skátahreyfingarinnar.
- Komið á faglegu verklagi til að laða að, þjálfa og halda í færa fullorðna sjálfboðaliða til að koma starfsgrunni skáta til skila.
- Styrkt samhæfða nálgun á nýliðun, þjálfun, stuðningi, persónulegum þroska, viðurkenningu og skipulagi fullorðinna sjálfboðaliða hreyfingarinnar.
- Bætt starfsgrunninn og skátadagskrána til að tryggja að skátastarfið komi til móts við þarfir bæði stúlkna og drengja, ungra kvenna og karla.
- Haldið áfram greiningu á þátttöku í skátastarfi og öðrum lýðfræðilegum gögnum til að finna afmarkaða þætti tengda öllum aldurstigum sem ástæða er til að hafa áhyggjur af og bregðast við.

## ❖ Fjölmening og aðild minnihlutahópa (Diversity and Inclusion)

Skátastarf endurspeglar samfélagið á hverjum stað og stendur öllum til boða. Fjölbreytni á ekki aðeins við um félagsaðild heldur líka starfið sjálft.

Fyrir 2020 höfum við:

- Skapað tækifæri til samstarfs við WOSM og WAGGGS og skátabandalög í Evrópu um ákveðin og mikilvæg viðfangsefni, m.a. um grunngildi skátahreyfingarinnar og sameiginlegan skilning á andlegum þroska og tengslum við viðurkennd trúarbrögð.
- Lært af öðrum æskulýðssamtökum sem hafa aukið fjölbreytileika í þátttakendahópum sínum.
- Undirbúið og komið í framkvæmd aðgerðaráætlunum til að tryggja að þátttakendahópurinn endurspegli félagslega þróun og fjölbreytileika þeirra samfélaga sem við erum hluti af – og fundið leiðir til að meta árangurinn.
- Veitt stuðning til að tryggja að leiðtogar BÍS og einstakra skátafélaga ráði yfir þeirri hæfni og því sjálfstrausti sem nauðsynlegt er til að viðurkenna gildi fjölbreytileikans og því hvernig hann er innbyggður í megintilgang skátahreyfingarinnar.
- Haft frumkvæði að og komið á fót samstarfi við leiðtoga í samfélaginu um kynningar á því að skátastarf sé opið fyrir alla.
- Bætt jafnvægi kynjanna í skátastarfi barna og ungmenna, í hópi fullorðinna sjálfboðaliða og leiðtogastörfum á öllum stigum innan skátahreyfingarinnar.
- Tryggt að sem allra flestum börnum og ungmennum verði gert kleift að taka þátt í skátastarfi, burtséð frá félagsstöðu og efnahag.
- Náð til samfélagshópa sem erfitt hefur verið að ná til – bæði í dreifbýli og þéttbýli.

## ❖ Samfélagsleg áhrif (Social Impact)

Sérhver skáti tekur þátt í samfélagsþjónustu og deilir þeirri reynslu til hvatningar fyrir aðra. Með starfi sínu og verkefnum leggja skátar sitt af mörkum til samfélagsins og eru í fararbroddi við að stuðla að jákvæðum breytingum á samfélaginu, manngerðu og náttúrulegu umhverfi.

Fyrir 2020 höfum við:

- Þróað áfram stuðningsefni fyrir skátafélög og skátahópa þar sem lögð er áhersla á gott verklag við:
  - að gera skáta sjálfstæða, virka og ábyrga þjóðfélagsþegna og auka starfshæfni þeirra,
  - samfélagsþjónustu og verkefni henni tengd,
  - umhverfismál og náttúruvernd.
- Innleitt leiðtogakerfi WOSM með því að styðja skátafélögin til að:
  - skapa nýbreytni í starfsgrunninum sem tengist mannauðskerfi sjálfbærliða,
  - koma upplýsingum um aukið gildi leiðtogaþjálfunar í skátastarfi til viðeigandi hagsmunaaðila.
- Aukið möguleika BÍS til að meta áhrif skátastarfs í samfélaginu.
- Þróað námsefni og aðferðir til þess að auka hæfileika skátanna og möguleika þeirra í atvinnulífinu.
- Stuðlað að eða staðið að samfélagsverkefnum bæði staðbundið og á landsvísu

## ❖ Samskipti og almannatengsl (Communication and Relations)

Ásýnd skátahreyfingarinnar gefur skýra mynd af því sem skátar gera og þeim gildum sem þeir standa fyrir. Áhrifaríkustu samskiptaleiðir eru nýttar til að miðla upplýsingum um skátastarf. Skátahreyfingin er í samstarfi við aðila sem starfa í samræmi við grunngildi BÍS.

Fyrir 2020 höfum við:

- Skipulagt og komið í framkvæmd aðgerðum til stuðnings því að réttindi ungs fólks almennt og þarfir skátastarfs sérstaklega séu þekktar af íslenskum stofnunum og öðrum samstarfsaðilum sem fjalla um málefni ungs fólks..
- Átt árangursríkt og náðið samstarf við opinberar stofnanir, önnur æskulýðssamtök og aðra samstarfsaðila (innan og utan hreyfingarinnar).
- Styrkt og endurbætt ímynd skátastarfs meðal hagsmunaaðila og annarra áhugasamra hópa.
- Verið virk í samskiptum við fyrirtæki og stofnanir til að koma á framfæri þekkingu á skátastarfi sem árangursríkrar leiðar til að koma í framkvæmd samfélagslegri ábyrgð þessara aðila.
- Stutt skátafélög við að efla utanaðkomandi fjármögnun.
- Hafa skotið styrkum stoðum undir fjármögnun BÍS með fjölbreyttum tekjuöflunarleiðum.

## ❖ Stjórnskipulag og stjórnarsýsla (Governance)

Stjórnskipun og stjórnarsýsla skátahreyfingarinnar er gagnsæ, ábyrg, skilvirk og í samræmi við grunngildi BÍS með áherslu á að þjóna markmiðum og framtíðarsýn skátahreyfingarinnar. Gott samstarf er á milli skátafélaga, stjórnar BÍS og skátamiðstöðvarinnar. Þá er mannauður og fjármagn nýtt á skilvirkan hátt í þágu skátahreyfingarinnar.

Fyrir 2020 höfum við:

- Tryggt að stjórnskipulag og stjórnarsýsla BÍS sé gegnsæ, ábyrg, skilvirk og í samræmi við heildarstefnuna og með áherslu á að ná takmarki og framtíðarsýn skátahreyfingarinnar. Hlutverk og ábyrgð á hinum ýmsu stigum skipulagsins ættu að vera vel skilgreind og auðskilin til að tryggja verklag sem leggur höfuðáherslu á þá sem njóta þjónustunnar.
- Styrkt innviði og viðeigandi verkferla til að styðja við árangursríka framkvæmd skátastarfs.
- Haldið áfram gagnvirku ráðgjafahlutverki við skátafélög.
- Haldið áfram að leita nýrra leiða til að efla samskiptaleiðir innan skátahreyfingarinnar.
- Tryggt að betri tækifæri til þjálfunar leiðtoga séu í boði og í stöðugri þróun – bæði fyrir sjálfboðaliða og launað starfsfólk í skátastarfi – í anda *Adults in Scouting: World Policy (WOSM)*.